

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. a reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „reglugerð sem vísað er til í lið 12zzd“ í 1. mgr. kemur: reglugerðir sem vísað er til í.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, b-liður, sem orðist svo:  
Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 493/2012 frá 11. júní 2012 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB, varðandi útreikning á endurvinnslunýtni í endurvinnsluferlum fyrir notaðar rafhlöður og rafgeyma, sem vísað er til í lið 12zzi II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2012 frá 7. desember 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 14 frá 2013 - 2013/EES/14/02 bls. 296-308.

#### 2. gr.

##### *Innleiðing.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 493/2012 frá 11. júní 2012 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB, varðandi útreikning á endurvinnslunýtni í endurvinnsluferlum fyrir notaðar rafhlöður og rafgeyma, sem vísað er til í lið 12zzi II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2012 frá 7. desember 2012.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 29. gr., sbr. 20.-23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 26. apríl 2013.*

F. h. r.

**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*